

Alþingi
Erindi nr. P 139/2531
komudagur 18.5.2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2011

Efni: Umsögn Landsbanka Íslands hf. í slitameðferð um frumvarp til laga til laga um fjármálafyrirtæki – mál nr. 783.

Þann 13. maí sl. var Landsbanka Íslands hf. – í slitameðferð (hér eftir LBI) sent til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum til laga um fjármálafyrirtæki (slit, eftirlit og innleiðing).

I. Almenn umfjöllun

Í inngangskafli athugasemda með frumvarpinu er gerð grein fyrir helstu ástæðum þess að það er lagt fram.

Í fyrsta lagi er vísað þess að stefnt sé að því að tryggja að innleiðing tilskipunar 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um fjárhagslega endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja sé með réttum hætti. Tekið er undir nauðsyn þess að tryggt sé að innleiðing þeirra reglna í íslenskan rétt sé þannig að ekki leiki vafi á því slitameðferð bankanna teljist vera í samræmi við tilgreinda tilskipun.

Í öðru lagi kemur fram að nauðsynlegt sé talið að auka eftirlit með fjármálafyrirtækjum í slitameðferð. Af umfjöllun má ráða að þörf fyrir eftirlit það sem frumvarpið fjallar um lúti fyrst og fremst að því hvernig þeir sem stýra slitum koma fram gagnvart aðilum sem skulda viðkomandi fjármálafyrirtæki. Frumvarpinu er ætlað að tryggja að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja í slitum njóti ekki lakari stöðu við úrlausn sinna mála en gildir um viðskiptamenn annarra fjármálafyrirtækja. Rétt er að taka fram að skilanefnd og slitastjórn þekkja ekki til tilvika í slitameðferð Landsbanka Íslands hf. þar sem slíkt gæti átt við. Að öðru leyti getur LBI ekki tjáð sig um mat löggjafans á nauðsyn þess að auka eftirlit með þeim þáttum sem um ræðir. Fjallað verður sérstaklega um efni og framsetningu 3. gr. frumvarpsins í umfjöllun um einstakar greinar hér á eftir.

Í þriðja lagi er frumvarpinu ætlað að gera ríkari kröfur til upplýsingagjafar þeirra sem stýra slitum fjármálafyrirtækis með því að lögbundið verði að kröfuhöfum verði kynntar allar umtalsverðar ráðstafanir varðandi ráðstöfun eigna eða annarra réttinda. Af umfjöllun í almennum

athugasemndum má ráða að með frumvarpinu sé ætlað að koma til móts við tillögur ákveðins hóps kröfuhafa, um að búa kröfuhafanefndum og hlutverki þeirra formlega umgjörð við slitameðferð bankanna. Fram kemur að efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafi ekki talið rétt að fara þá leið en í stað þess verði kveðið á um lagaskyldu til að kynna mikilvægar ákvarðanir um ráðstöfun hagsmuna á formlegum kröfuhafafundum þar sem allir kröfuhafar eiga rétt til setu á. LBI hefur nú þegar haldið sex opna kröfuhafafundi þar sem helstu málefni bankans hafa verið kynnt og kröfuhöfum verið gefinn kostur á að koma með fyrirspurnir og taka þátt í umræðum um málefni bankans. Telji löggjafinn þörf á að kveða nánar á um lagaskyldu í þessa veru, gera skilanevnd og slitastjórn ekki athugasemd við það. Á það er hins vegar lögð áhersla að það verði að vera háð mati þessara aðila hvort sík kynning fari fram fyrirfram eða eftir á svo sem nánar verður gerð grein fyrir í umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins.

Í fjórða lagi er frumvarpinu ætlað að greiða fyrir því að unnt verði að ljúka slitameðferð með nauðasamningi. Skilanevnd og slitastjórn taka undir að rétt sé að gera breytingar á löggjöf til þess að mögulegt verði án verulegra vandkvæða að ljúka slitameðferð stóru föllnu bankanna með nauðasamningi.

II. Umsögn um einstakar greinar

1. gr. – sem kveður á um breytingar á 2. mgr. 99. gr. laganna.

Ekki gerðar athugasemdir.

2. gr. – sem kveður á um breytingar á 4. mgr. 101. gr. laganna.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að tiltekin hæfisskilyrði 52. gr. laganna skuli eiga við um þá sem skipa slitastjórn auk þeirra sem kveðið er á um í 75. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þar á meðal er vísað til 4. mgr. 52. gr. laganna þar sem meðal annars kemur fram stjórnarmenn fjármálafyrirtækis eða eftirlitsskylds aðila megi ekki vera lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánnum tengslum. Bent er á að ákveðið ósamræmi sé í því að gera kröfu til þess að lögmönnum og endurskoðendum í slitastjórnnum sé bannað að vinna lögmanns- eða endurskoðendaverkefni fyrir eftirlitsskyldan aðila og tillögu 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að slitastjórn eins fjármálafyrirtækis geti tekið yfir slit annars fjármálafyrirtækis.

3. gr. – sem kveður á um nýja grein 101. gr. a. í lögnum.

LBI gerir ekki athugasemd við að eftirlit með fjármálafyrirtækjum í slitameðferð verði aukið telji löggjafinn þörf á því og að Fjármálaeftirlitinu verði ætlað hlutverk í þeim efnum. Eftir að slitameðferð bankanna hófst hefur farið um eftirlit með störfum skilanevndar og slitastjórnar eftir ákvæðum gjaldþrotalaga með sama hætti og fer um eftirlit með skiptastjórn þrotabúa. Þannig hafa kröfuhafar haft aðgang að dómstólum samkvæmt 76. gr. laga nr. 21/1991 auk þess sem héraðsdómari hefur af sjálfsdáðum getað brugðist við fengi hann vitneskju um framferði skilanevndar og slitastjórnar í starfi sem teldist aðfinnsluvert.

LBI leggur áherslu á að vald til að víkja mönnum úr skilanevnd og slitastjórn verði áfram hjá dómstólum þó Fjármálaeftirlitið fái heimild til að bera fram slíka kröfu enda er þá skipunar- og

brottvikningarvald á einni hendi. Lagt er til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að víkja mönnum frá störfum tímabundið sbr. lokamálslið 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði felld út enda verði ekki séð að þörf sé á slíkri heimild. Í því sambandi er vert að benda á að málsmeðferð 76. gr. laga nr. 21/1991 getur tekið mjög skamman tíma, komi brýn og alvarleg málefni upp. Að mati skilanefndar og slitastjórnar væri rétt að kveðið væri á um það í ákvæðinu að um meðferð mála er varða kröfu um brottvikningu eða færslu ábyrgðar á rekstri fari samkvæmt 76. gr. laga nr. 21/1991 eftir því sem við á.

4. gr. – sem kveður á um breytingar á 1. mgr. og 6. mgr. 102. gr. laganna.

Svo sem rakið er í athugasemdum með a. lið 4. gr. er ákvæðinu ætlað að taka af öll tvímæli um að regla 3. mgr. 74. gr. laga nr. 21/1991 gildi um slit fjármálafyrirtækja og hver beri sönnunarbyrði um vitneskju gjaldþrotaskipti eða slit. LBI tekur undir að rétt sé að taka af tvímæli um þessi efni þannig að tryggt sé löggjöfin í samræmi við tilskipun 2001/24/EB.

Í b. lið 4. gr. er kveðið nánar á um en í gildandi lögum hvernig farið skuli með hlutagreiðslur vegna umþrættra krafna meðan slitameðferð stendur. Eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæðinu hefur verið bent á, að óbreyttu, gæti fyrirmæli um skyldu til greiðslu inn á geymslureikninga valdið því að erfitt yrði að nýta heimild til hlutagreiðslna upp í endanlega viðurkenndar kröfur. Verði frumvarpið að lögum er bætt úr þessu og slitastjórnnum þar með gert kleift neyta heimildar til að greiða hlutagreiðslur meðan slitameðferð stendur án verulegra vandkvæða.

5. gr. – sem kveður á um breytingar á 3. mgr. 103. gr. laganna.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu og í umfjöllun um 5. gr. er tilgangurinn með ákvæðinu sá að festa í sessi fyrirkomulag sem er að miklu leyti nú þegar við lýði í slitameðferðum hinna föllnu banka. Fallist verður á þá ráðagerð að ekki sé rétt að svo stöddu að fela kröfuhafanefndum sérstakt formlegt vald og eftirlitshlutverk með skilanefndum og slitastjórnnum. Án þess að það hafi verið kannað ítarlega þá yrði slíkt fyrirkomulag væntanlega nokkuð á skjön við það sem gerist í a.m.k. vestur evrópskum rétti og slíkar breytingar myndu kalla á mun ítarlegri skoðun og eins og bent er á.

Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu hefur reynst nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á löggjöfinni frá falli bankanna enda upp komið aðstæður sem erfitt var að sjá fyrir auk þess að agnúar á lögunum hafa verið sniðnir af. Að breyta skipulagi þessara mála í grundvallaratriðum eftir þann tíma sem liðinn er frá hruni íslenska bankakerfisins getur ekki talist æskilegt. Bent er á að ráðstöfun á eignum stóru bankanna þriggja hefur nú staðið yfir í rúm tvö og hálf ár. Allan þennan tíma hafa kröfuhafar LBI verið upplýstir ítarlega um gang mála. Fyrir utan reglulega fundi á þriggja mánaða fresti, eru haldnir samráðsfundir, stundum nokkrir í viku þar sem kynntar eru ráðstafanir við slitameðferðina. Á þessum tíma hefur ekki orðið vart við óánægju kröfuhafa með fyrirkomulag mála heldur þvert á móti. Ekki getur heldur talist þörf á að fela kröfuhafanefnd sérstakt eftirlitshlutverk með skilanefndum eða slitastjórnnum enda eins og bent er á kröfuhöfum, sem telja á sér brotið eða hagsmunum búsins raskað eða ráðstafað með óiögmætum hætti, ætíð sá kostur tiltækur að hafa uppi aðfinnslur fyrir héraðsdómi eða m.v. fyrirbyggjandi frumvarp einnig til Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á því að eins og 5. gr. er orðuð í frumvarpinu felur ákvæðið í sér þá einu breytingu frá núgildandi framkvæmd að í stað mjög ítarlegra og tíðra kynninga til óformlegs kröfuhafaráðs þeirra kröfuhafa sem mestra hagsmuna eiga að gæta við slitameðferðina, sbr. framangreint, er skv. greininni gert ráð fyrir að allir kröfuhafar séu boðaðir á fundi sem þessa (sem reyndar hefur einnig verið gert að jafnaði á þriggja mánaða fresti).

Ekki eru gerðar athugasemdir við þá tilhögun. Á hinn bóginn er í athugasemdum með 5. gr., 2. ml. 2. mgr. á bls. 9 sagt: „*Markmiðið með kynningu samkvæmt framansögðu er að upplýsa kröfuhafa um væntanlegar ráðstafanir og gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, eftir atvikum athugasemdum eða ábendingum, um ráðstöfunina.*“ Þetta er eina orðið í öllum texta frumvarpsins um 5. gr. sem ráðgerir að umtalsverðar ráðstafanir skuli kynntar kröfuhöfum fyrirfram. Ástæða er til að benda á í þessu sambandi að meginreglan er að ákvarðanir sem þessar hafa verið kynntar fyrirfram og það hefur verið gert ef það hefur reynst unnt. Kröfuhöfum eru kynntar allar helstu fyrirætlanir stjórnar bankans um ráðstöfun á mikilsverðum eignum, hvernig staðið verði að verkum, gangur mála og væntingar um lok mála og árangur.

Hins vegar er augljóst að þegar kröfuhafahópur er jafn stór og fjölbreyttur með oft mjög ólíka hagsmuni þá er hreinlega útilokað á stundum að greina mjög ítarlega frá því hvernig málum er háttað. Slíkt getur hreinlega skaðað fjárhagslega hagsmuni búsins. Kröfuhafar geta enda átt þverólíka fjárhagslega hagsmuni af því hvernig mál eru afgreidd. Einnig eru mál stundum þess eðlis að væntanlegir viðsemjendur bankans krefjast þess að trúnaður ríki um viðræður. Í þessu sambandi ber og að halda til haga að mjög oft þarft að taka ákvarðanir skjótt þar sem lítið sem ekkert ráðrúm er til að boða almennan kröfuhafafund. Slíkt á þó eðli máls samkvæmt síður við um mál sem varða mjög mikla hagsmuni.

Það er skoðun LBI að þetta orðalag í athugasemdum um fyrirfram kynningu mála geti verið óheppilegt og torveldað og tafið ráðstafanir eigna og jafnvel kallað á óþarfa ágreining sem ekki hefur orðið vart við áður undir slitameðferðinni. Minnt er á í þessu sambandi að skilanevnd/slitastjórn er ekki skylt að lögum að hlíta fyrir mælum kröfuhafa varðandi ráðstafanir eigna og í því samhengi er rétt að skoða þessar hugmyndir.

LBI telur hins vegar að 5. gr. frumvarpsins samkvæmt orðanna hljóðan sé af hinu góða og festi í lög þá framkvæmd sem hefur ríkt að upplýsa kröfuhafa um mikilsverðar ráðstafanir og helst fyrirfram ef þess er kostur. Æskilegt væri hins vegar eins og fyrr segir að skilanevnd/slitastjórn geti ákveðið það hvenær mál eru kynnt fyrirfram og hvenær ekki.

6. gr. – sem kveður á um breytingar á 103. gr.a. laganna.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við þessa grein að öðru leyti en að vísað er til almennrar umfjöllunar.

7. gr. – sem kveður á um breytingar á ákvæði til bráðabirgða V í lögnum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að héraðsdómi skipi í skilanevnd verði þörf á í samræmi við almennar reglur. Þá eru tekin af tvímæli að um að ákvæði laga nr. 21/1991 um skiptastjóra eigi við skilanevnd, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Af hálfu LBI hefur verið litið svo á að

um skilanevnd færi með þessum hætti. Hins vegar er rétt að taka af öll tvímæli í þeim efnunum eins og frumvarpið gerir. Sama á við varðandi eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins sbr. b. lið.


8. gr. – sem kveður á um breytingar á 117. gr. laganna.

Engar athugasemdir.

Tekið skal fram að skilanevnd og slitastjórn LBI eru reiðubúnar að mæta til fundar hjá viðskiptanevnd til að skýra sjónarmið sín nánar og/eða veita frekari upplýsingar.


Virðingarfyllt,

Skilanevnd LBI



Two handwritten signatures are shown, each on a horizontal line. The top signature is in cursive and appears to be 'Auðunur Þórsson'. The bottom signature is also in cursive and appears to be 'Einar Jónsson'.

Slitastjórn LBI



Three handwritten signatures are shown, each on a horizontal line. The top signature is in cursive and appears to be 'Páll Bláinn'. The middle signature is in cursive and appears to be 'Lorelix Hallmannsdóttir'. The bottom signature is in cursive and appears to be 'Kerbynn'.